

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júní 2010  
Tilvísun: UST20100500084/abg

## Skálasvæði við Emstrur í Rangárþingi eystra. Tilkynning um matskyldu.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 14.mái 2010 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Almennt um framkvæmd

Allar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu eru í tengslum við þjónustu við ferðamenn. Áætlaður fjöldi ferðamanna í skálum og á tjaldsvæði var á bilinu 100-150 manns á dag sumarið 2009. Stækkun og viðbætur skálasvæðisins er ekki breyting á grunneðli svæðisins. Skipulagið er unnið á vegum Ferðafélags Íslands í samvinnu við Rangárþing eystra.

Skálasvæði í Efri-Botnum í Emstrum er innan svæðisskipulags miðhálandis Íslands og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlaða, nr. 105/2006.

### Náttúruminjar

Framkvæmdasvæðið er innan Emstra og Fjallabaks sem er svæði nr. 761 á náttúruminjakrá. Svæðið hefur að geyma stórbrotið og fjölbreytt landslag og er vinsælt útivistarsvæði.

### Mannvirkjagerð

Heildarbyggingarmagn svæðisins í dag er um 120m<sup>2</sup> en getur orðið allt að 450m<sup>2</sup> samkvæmt deiliskipulagi. Skálarnir verða hitaðir með gasi og lýstir upp með sólarrafhlöðum. Gert ráð fyrir stækkun skálarvæðis og salernishúss. Alls er gert grein fyrir fimm byggingarreitum.

Reitur S-1: Núverandi skáli frá 1976 um 45m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt að stækka um 55m<sup>2</sup>.

Reitur S-2: Núverandi skáli frá 1976, fluttur í Emstrur 1995 um 45m<sup>2</sup> að stærð, heimilt að stækka um 55m<sup>2</sup>.

Reitur S-3: Nýr byggingarreitur sem heimilt er að flytja eða byggja nýjan skála á. Heildarstærð 100m<sup>2</sup>.

Reitur V-1: Núverandi skálavarðahús frá árinu 2000, 20m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt að byggja við þannig að heildarstærð verði 100m<sup>2</sup>.

Reitur WC-1: Salernishús frá 2001. Byggja má við núverandi salernishús sem er 9m<sup>2</sup> þannig að hámarksstærð sé allt að 50m<sup>2</sup>.

Að auki verður heimilt að reisa útikamar utan byggingarreits sem og skjólgirðingar á tjaldsvæði. Í tillögu að deiliskipulagi er einnig gert ráð fyrir skýli á tjaldsvæði.

### **Vegir og bílastæði**

Aðkoma að skálunum helst óbreytt frá því sem hún er í dag. Bílastæði eru staðsett í halla og gera þarf ráð fyrir snúningsaðstöðu. Lagt er til að bílastæði verði þvert á hallann til að gera bíla minna sýnilega í landslaginu. Afmarka skal bílastæði með böndum, steinum eða hælum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hversu mikil framkvæmd það sé að koma bílastæði þannig fyrir að það verði samsíða hæðalínum. Fram kemur að ekki þurfi að fara í jarðvegsframkvæmdir við mótun bílastæðanna *svo nokkru nemi*. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðraski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.

### **Frárennsli og rotþró**

Í tilkynningu um framkvæmd kemur fram að núverandi rotþró sé rétt sunnan við salernishús. Við stækkun salernishússins er líklegt að stækka þurfi rotþró og færa hana utar, fjær húsunum. Ekki er að finna nákvæma staðsetningu rótþróar á skipulagsuppdrætti er fylgdi greinargerðinni. Umhverfisstofnun bendir á að endanlegur skipulagsuppdráttur skuli innihalda merkingar á staðsetningu rotþróar. Umhverfisstofnun undirstrikar að raski við nýja staðsetningu rótþróar sé haldið í lágmarki, svæðið sé viðkvæmt og allt jarðrask áberandi í landslagi.

Fráveituvatni sturtu og vaska er leitt í dreifilögn sem sýnd er á skipulagsuppdrætti.

Almennt gildir að frárennsli skal leitt í rotþró sbr. 13. grein í reglugerð um fráveitur og skólp nr.798/1999 og eins og sýnt er í leiðbeiningarriti nr.03/2004 um rotþrær og siturlagnir og er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### **Vatnsveita**

Kalt vatn er tekið úr vatnslind sem kemur undan móbergsklöpp norðan við skálasvæðið. Uppsprettur vatns eru nokkrar efsti í gili en ofan við þær er brött sandhlíð og ekkert rennandi vatn. Leiðsla liggur frá vatnslindinni um 110 metra að vöskum og sturtum skálasvæðisins. Ekki segir hvort að kaldavatnslögn sé grafin í jörð eða liggja á yfirborði.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í matslýsingu um deiliskipulag hvort að stækkun mannvirkja kalli á aukna vatnsveitu á svæðinu, hvort vatni verði veitt þangað úr núverandi vatnsbóli og hvort grafa þurfi fyrir nýjum lögnum.

Um vatnslindina er sett vatnsvernd og fer hún eftir ákvæðum reglugerðar nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns ásamt reglugerð nr.533/2001. Brunnsvæðið skal því vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim er nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Öll notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna er því bönnuð.

Að öðru leyti skal staðið að öflun neysluvatns og frágangi við vatnsveitu í samræmi við reglugerð nr.

536/2001 um neysluvatn og leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar „Litlar vatnsveitur“ frá árinu 2003.

### **Rafmagn og fjarskiptalofntnet**

Heimilt er að koma fyrir sólarrafhlöðu á skálum með tilheyrandi búnaði. Einnig er heimilt að reisa allt að 10 metra hátt fjarskiptalofntnet og skal það vera staðsett utan eða ofan á húsum. Loftnetið skal hafa matta áferð og nær ósýnilegt í 500 metra fjarlægð á björtum degi. Einnig er heimilt að setja þokulúður eða skæran ljósabúnað á loftnet eða skála sem lýsir frá sér í dimmri þoku eða á neyðarstundum. Frá öllum slíkum búnaði skal gengið frá samkvæmt gildandi reglum Póst og fjarskiptastofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Brunamálastofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar kann umrætt fjarskiptalofntnet að vera mjög sýnilegt, sér í lagi ef um er að ræða fjarskiptaturn. Að mati Umhverfisstofnunar hefur þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets ásamt sýnileikakorti og frekara mati á áhrifum þess.

### **Tjaldsvæði og skýli**

Núverandi tjaldsvæði helst óbreytt en það er um 1900 m<sup>2</sup> að stærð staðsett neðan við skálasvæðið. Heimilt er að gera úrbætur á því m.t.t. álags er hlýst af ágangi ferðamanna, t.d. með áburðarstyrkingu og uppgræðslu grass. Umhverfisstofnun bendir á að ef styrkja þarf grassvörð svæðisins þá verði að gera það á varfærinn hátt og notast eigi við staðbundnar grastegundir eins og fram komi í greinargerð. Stofnunin undirstrikar að hófs sé gætt við dreifingu áburðar á svæðinu og vill í því samhengi benda á umfjöllun Landgræðslu Íslands um lífrænan áburð og notkun hans við uppgræðslu og til landbóta.

Heimilt er að reisa allt að 50 m<sup>2</sup> vindskýli að hluta til yfirbyggt og skal þar komið fyrir vaski með köldu vatni ásamt einfaldri eldunar- og grillaðstöðu. Skýlið skal hafa varanlegt gólfyfirboð sem þolir mikið álag.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram hvar fyrirhugað vindskýli verði staðsett á tjaldsvæðinu. Umhverfisstofnun mælist til að vindskýli verði staðsett nálægt núverandi kaldavatnslögn til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu vegna nýrra vatnslagna.

Fram kemur í greinargerð að lítilsháttar jarðrask geti átt sér stað við mótun stalla neðarlega í gilinu við tjaldsvæðið. Ekki kemur frekar fram í greinargerð um hvað ræðir sérstaklega, hvar nákvæmlega þessir stallar muni verða og ástæður þess að þeir verði gerðir. Umhverfisstofnun ítrekar að jarðraski verði haldið í lágmarki og að viðkvæmum gróðri í gilinu sé hlíf.

### **Úrgangur**

Tilfallandi sorpi er reglulega safnað saman og því komið til byggða.

Almennt gildir reglugerð nr. 738/2003 um urðun sorps en hana er einnig að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### **Sjónræn áhrif**


Umhverfisstofnun telur að fjöldi skála og stækkun þeirra geti haft áhrif á landslag og þar af leiðandi upplifun ferðamanna af svæðinu. Fram kemur í greinargerð að samræmis verði gætt við á öllum byggingum m.t.t. litavals og byggingarlags. Miðað er að því að þjappa húsum sem mest saman í stað þess að dreifa þeim. Skjólgirðingar, kamrar og skýli skulu vera í sama lit og húsin. Öll hús eru sett niður á steypar en lausar niðurstöður og eru mannvirki því færanleg.


### **Niðurstaða**

Fyrirhugaðar framkvæmdir á skálasvæðinu við Emstrur er ekki breyting á grunneðli svæðisins eins og

Það er í dag. Þeir þættir sem helst geta haft áhrif á umhverfið er stækkun skála og aukning ferðamanna inn á svæðið. Samkvæmt greinargerð um framkvæmdina þá er henni ætlað að koma til móts við aukinn fjölda ferðamanna. Umhverfisstofnun vill benda á að ekki hefur farið fram mat á þolmörkum svæðisins við Emstrur en ljóst er að svæði í þeirri hæð sem um ræðir eru sérstaklega viðkvæm fyrir röskun. Til að hlífa vistkerfum en á sama tíma viðhalda útivistargildi svæðisins er nauðsynlegt að allar framkvæmdir miði að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að nokkur óvissa ríki um vissa þætti framkvæmdarinnar t.a.m. umfjöllun um fjarskiptalofnet, mótun stalla í gili við tjaldsvæði, staðsetningu vindskýlis og útfærslu bílastæða. Að auki er ekkert frekar rætt um útikamar sem áætlað er að setja fyrir utan byggingareit. Að framansögðu er það þó mat Umhverfisstofnunar að ekki séu líkur á því að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri